

7. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 14. desember 2016



Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Einar Grétarsson (EG), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Geirarður Long (GL), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM) og Jón Júlíus Karlsson (JK).

Auk þeirra sat Kjartan Þór Reinholdsson framkvæmdastjóri fundinn.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Nýr framkvæmdarstjóri

Jón Júlíus Karlsson er nýráðinn framkvæmdarstjóri Aftureldingar. Hann mun hefja störf 2. Janúar 2017. 22 umsækjendur voru um stöðu framkvæmdastjóra. 8 voru boðaðir í viðtal og 3 í viðtal nr 2. Gengið var frá ráðningarsamningi og Jón boðinn velkominn til starfa.

2. Íþróttamaður kona ársins

Íþróttamaður og kona deilda félagsins og félagsins í heild verða útnefnd við hátiðlega athöfn í Hlégarði 2. janúar næstkomandi.

Farið var yfir tilnefningar og þær metnar.

Gunillubikar, stigahæsta kona í frjálsum íþróttum: Erna Sóley Gunnarsdóttir

Hvataverðlaun-frá aðalstjórn fyrir dugnað og vel unnin störf á síðasta starfsári: Körfuknattleiksdeild

Vinnuþjarkur Aftureldingar, fyrir farsælt starf í þágu félagsins: Guðbjörg Fanndal Torfadóttir

Starfsbikar UMFÍ, fyrir gott starf deildar á síðasta starfsári: Fimleikadeild

Hópbikar UMSK, veittur þeim íþróttaflokki sem hefur skarað fram úr á síðasta ári: Meistaraflokkur kk í handbolta

Íþróttamaður félagsins: Árni Bragi Eyjólfsson

Íþróttakona félagsins: Thelma Dögg Grétarsdóttir

Dagný og Ólafur viku af fundi þegar umræður um íþróttamann félagsins voru.

3. Styrkir

Ákveðið að hækka grunnstyrkinn í 750 þúsund á ári fyrir hvern meistaraflokk. Það er 4,5 milljónir bundnar hverjum flokki. Afgangurinn skiptist samkvæmt þeim reglum sem fyrir liggja.

Skoða verður sérstaklega ákveðna tekjubætti sem teljast sérstök fjáröflun og getur skekkt heildarmyndina. Þessir þættir verða fyrir utan skilgreindan rekstrarstyrk og er séröflun hvers flokks.

4. Önnur mál

Nýting á sölum íþróttahúsins.

- talning í sölum. Starfsmenn hússins töldu í sölunum í nóvember og byrjun desember. Þær tölur verða sendar á skrifstofu. Einnig verða skráningar þjálfara í Nóra appið skoðaðar til samanburðar. En þær eiga að ná yfir allt tímabilið.
- Opnunartími á skrifstofu frá 13-16 hefur mælst vel fyrir. Ákveðið að halda þeirri opnun áfram.
- 27.desember verður skrifstofan lokuð.

Fundi slitið kl 20.25
Kristrún Kristjánsdóttir
(sign).